

TILLAGA

til þingsályktunar um skipun starfshóps um athugun á tilgangi og hlutverki aðgerðateymis þjóðkirkjunnar og úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar.

Flm. Arna Grétarsdóttir, Árni Helgason, Einar Már Sigurðarson, **Rúnar Vilhjálmsson** og Þuríður Björg Wíium Árnadóttir.

Kirkjuþing 2025-2026 samþykkir að skipa starfshóp þriggja manna sem fari yfir hlutverk og tilgang aðgerðateymis þjóðkirkjunnar og úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar. Starfshópurinn leggi mat á hvort tilefni sé til að endurskoða stjórnkerfi kirkjunnar hvað varðar ábyrgðarsvið og starfsreglur sem gilda um framangreindar nefndir.

Starfshópurinn skili skýrslu með tillögum sínum til kirkjuþings fyrir 1. febrúar 2026.

Greinargerð.

Með lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 voru settar á laggirnar úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar og áfrýjunarnefnd. Kirkjuþing setti starfsreglur um nefndirnar í beinu framhaldi af gildistöku laganna og hafa slíkar starfsreglur verið til staðar í stjórnkerfi þjóðkirkjunnar síðan. Áfrýjunarnefndin hefur þó verið felld brott. Ein af forsendum þess að stofna úrskurðar- og áfrýjunarnefndir var að skorta þótti á að biskup Íslands og önnur kirkjufirvöld hefðu nægileg úrræði til að leysa úr ágreiningsmálum á kirkjulegum vettvangi.

Þá setti kirkjuþing þegar árið 1998 starfsreglur um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar.

Allt starfsumhverfi þjóðkirkjunnar er breytt frá því sem var á þessum tíma. Ný lög um þjóðkirkjuna gengu í gildi 1. júlí 2021. Gerður hefur verið viðbótarsamningur (2019) á grundvelli kirkjujarðasamkomulags ríkis og kirkju (1997) þar sem ríkið greiðir nú kirkjunni tiltekna fjárhæð árlega í stað þess að leggja til tiltekinn fjölda starfa. Þjóðkirkjan hefur sjálfræði um það hvernig hún hagar starfsemi sinni og fjármálum og telst ekki lengur til opinberra aðila með sama hætti eins og áður var. Regluverk þjóðkirkjunnar hefur verið endurskoðað til einföldunar og nýtt stjórnskipulag yfirstjórnar kirkjunnar tekið upp.

Bæði aðgerðateymið og úrskurðarnefndin starfa á grundvelli og eftir hugmyndafræði sem mótuð var fyrir tæpum þremur áratugum þegar gömlu þjóðkirkjulögin voru innleidd. Þá taldist starf þjóðkirkjunnar til opinberrar þjónustu, biskupsstofa var ríkisstofnun og vígðir þjónar féllu undir löggjöf um opinbera starfsmenn. Voru því aðrar kröfur gerðar til starfshátta en nú er og mikilvægt þótti að í boði væru færar leiðir fyrir borgarana að leita réttar síns teldu þeir á sér brotið. Því er tímabært og eðlilegt, nú þegar rúmur aldarfjórðungur er liðinn, að taka út og meta þau hlutverk og verkefni sem nefndirnar sinna. Þá er einnig mikilvægt að leggja mat á það hvernig þjóðkirkjan geti sem best sinnt þeim

verkefnum til frambúðar sem talin verður nauðsyn á að sinna samkvæmt framangreindri úttekt. Brýnt er að kanna og meta hvar í stjórnskipulagi ábyrgð á verkefnunum er staðsett og eins hvort þörf sé á því að þjóðkirkjan reki sjálf áfram eigið stjórnkerfi til að sinna verkefnunum og þá að hve miklu leyti og hvernig. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn skili tillögum sínum fyrir 1. febrúar 2026, þannig að tími gefist til viðbragða á kirkjuþingi að vori 2026, ef þurfa þykir.

Kostnaðaráætlun

Kirkjuþing 2025-2026.

14. mál. **Tillaga til þingsályktunar um skipun starfshóps um athugun á tilgangi og hlutverki aðgerðateymis þjóðkirkjunnar og úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar.**

Kirkjuþing kýs þrjá einstaklinga í starfshópinn.

Kostnaðaráætlun 500,000

Dóknun vegna funda (kjaranefnd)

Fundur, 3 klst. – nefndarmaður	kr. 12,223
Fundur, 3 klst. - formaður	kr. 18,335
Hver hafin klst. umfram 3 klst. - nefndarmaður	kr. 4,074
Hver hafin klst. umfram 3 klst. - formaður nefndar	kr. 6,111
Almenn vinna nefndarmanns utan funda pr. klst.	kr. 6,791
Sérhæfð vinna nefndarmanna utan funda pr. klst.	kr. 10,807

Gert er ráð fyrir sex fundum, þar af 5 þriggja klst. fjarfundum og 1 sex klst. vinnufundi á fundarstað. Þá er gert ráð fyrir vinnu formanns milli funda allt að 10 klst.

Fjarfundir

Tveir kirkjuþingsmenn.

Fimm fjarfundir kr. 12,223 x 5 fundir x 2 = 122,230

Formaður

Fimm fjarfundir kr. 18,335 x 5 fundir = 91,675

Vinnufundur

Vinnufundur sex klst. Þrjár klst. umfram

Tveir kirkjuþingsmenn 12,223 x 2 = 24,446. Umfram klst. 4,074 x 3 x 2 = 24,444 = 48,890

Formaður 18,335 + 18,333 = 36,668

Vinna formanns milli funda

Gert er ráð fyrir 10 klst. kr. 10,807 = 108,070

Samtals: kr. 407,533

Ferðakostnaður.

Flug og leigubíll 50,000 (áætlað)

Fæðiskostnaður 6 klst. 8.750 x 3 = 26,250